



14. fundur í aðalstjórn Aftureldingar mánudaginn 16. apríl 2018

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:00

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Reinholdsson (KR), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Geirarður Long (GL), og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Bókhald félagsins

Þurfum að útvista bókhaldi þar sem Vilborg er hætt störfum. JK er búinn að leita tilboða hjá bókhaldsþjónustum og búinn að fá nokkur tilboð. Farið var yfir tilboð frá Fjárhúsinu og Deloitte. Næsta skref er að fá ítarupplýsingar og semja við bókhaldsþjónustu. Samþykkt er að prófa útvistun út árið til reynslu.

Áhugi er að ráða inn nýjan starfsmann sem fjármálafulltrúa sem mun sjá um utanumhald fjármála félagsins og greiða reikninga auk annarra verkefna eins og eftirlit með útgjöldum og utanumhald um reikninga félagsins ofl.

2. Samningaviðræður við Mosfellsbæ

Samingsdrög komin frá bænum. Farið yfir framlag Mosfellsbæjar til félagsins. Stjórnin óskar eftir fundi með Bænum til að lenda samningnum.

Fundi slitið kl 19.25
Krístrún Kristjánsdóttir
(sign).